



Bótareglur frá 1. júní 2026

Reglur þær sem hér eru upptaldar eru settar skv. gr. 12.10. í reglugerð sjóðsins og koma til viðbótar þeim styrkum sem taldir eru upp í gr. 12.1, 12.2, 12.3, 12.4, 12.5 og 12.6. Bótareglur þessar gilda þar til stjórn sjóðsins ákveður annað.

Miðað er við að félagsmaður hafi greitt samfellt til sjóðsins undangengna 6 mánuði og sé greiðandi þegar sótt er um skv. gr. 12.10.

100% réttindi til styrkja úr sjúkrasjóði skv. gr. 12.10 eru miðuð við greidd iðgjöld af lægsta taxta skv. kjarasamningi SGS við SA síðastliðna 12 mánuði. Þeir sem hafa greitt minna eiga rétt á styrk í hlutfalli við greidd iðgjöld.

Fæðingarstyrkur. Styrkur allt að 170.000 kr. Um er að ræða sjálfstæðan rétt félagsmanns vegna fæðingar hvers barns. Skilyrði er að greitt hafi verið samfellt í sjóðinn í a.m.k. 6 síðustu mánuði. Framvísa þarf fæðingarvottorði.

Hálfur styrkur er veittur vegna fósturláts eftir 18 vikna meðgöngu og andvana fæðingar eftir 22. vikna meðgöngu. Með umsókn þarf að skila læknisvottorði eða staðfestingu frá sjúkrahúsi þar sem tímalengd meðgöngu kemur fram og hverjir foreldrar barnsins séu, þar sem ekki er gefið út dánarvottorð vegna andvana fæðingar.

Sjúkrabjálfun, sjúkranudd, meðferð hjá kírópraktor. Styrkur allt að 50.000 kr. á hverjum tólf mánuðum. Endurgreiðsla er að hámarki 50% af reikningi frá löggildum meðferðaraðila. Skilyrði er að greitt hafi verið samfellt í sjóðinn í a.m.k. 6 síðustu mánuði. Elli- og örorkulfeyrisþegar eiga í eitt skipti sama rétt ef þeir voru greiðendur við starfslok. Heimilt er að nýta styrkinn vegna dvalar á heilsustofnun sem býður upp á sjúkrabjálfun/sjúkranudd, einungis í eitt skipti.

Glasa- og tæknifrjövgun, ættleiðing. Styrkur að hámarki 200.000 kr. í eitt skipti. Endurgreiðsla er að hámarki 50% af reikningi. Um er að ræða sjálfstæðan rétt félagsmanns. Skilyrði er að greitt hafi verið samfellt í sjóðinn í a.m.k. 6 síðustu mánuði.

Heilsufarsskoðun. Styrkur allt að 55.000 kr. á hverjum tólf mánuðum. Endurgreiðsla er að hámarki 50% af reikningi vegna skoðunar hjá Hjartavernd, speglana, ómskoðanna, röntgenmynda og segulómunar á heilbrigðisstofnun, krabbameinsskoðunar og tannlæknakostnaðar. Skilyrði er að greitt hafi verið samfellt í sjóðinn í a.m.k. 6 síðustu mánuði.

Gleraugnastyrkur. Styrkur allt að 70.000 kr. á hverjum 24 mánuðum fyrir félagsmann. Endurgreiðsla er að hámarki 50% af hverjum reikningi. Heimilt er að nýta styrkinn til gleraugna- linsukaupa eða augnaðgerðar. Vegna augnaðgerða greiðist að hámarki 70.000 kr. vegna hvors auga, með augnaðgerð er átt við laser aðgerð og augasteinaskipti. Hægt er að nýta styrkinn að hámarki 25.000 kr. á hverjum 12 mánuðum fyrir barn félagsmanns. Endurgreiðsla er að hámarki 50% af hverjum reikningi. Skilyrði er að greitt hafi verið í sjóðinn samfellt í a.m.k. 6 síðustu mánuði.



Heyrnatækjastyrkur. Styrkur allt að 100.000 kr. á hverjum 36 mánuðum fyrir félagsmann. Endurgreiðsla er að hámarki 50% af hverjum reikningi. Styrkuppþæð miðast við tæki í annað eyra, ef þörf er á tæki í bæði eyru er upphæð styrks allt að 200.000 kr. Skilyrði er að greitt hafi verið í sjóðinn samfelld í a.m.k. 6 síðustu mánuði.

Heilsuefling. Styrkur allt að 55.000 kr. á hverjum 12 mánuðum. Endurgreiðsla er að hámarki 50% af hverjum reikningi. Heimilt er nýta styrkinn vegna kaupa á kortum á líkamsræktarstöðvum og sundstöðum, hjá íþróttafélögum, vegna æfinga/þjálfunar hjá þjálfara og annarri skipulagðri hreyfingu. Ekki er veittur styrkur vegna kaupa á fatnaði, skóm eða búnaði. Skilyrði er að greitt hafi verið í sjóðinn samfelld í a.m.k. 6 síðustu mánuði. Greiði atvinnurekandi eða aðrir styrk til heilsueflingar er greitt að hámarki 50% af því sem eftir stendur þegar styrkur hefur fengist annars staðar.

Viðtalsmeðferð. Styrkur allt að 100.000 kr. á hverjum 12 mánuðum. Endurgreiðsla er að hámarki 50% af reikningi Styrkinn er hægt að nýta vegna viðtalsmeðferðar hjá sálfræðingi, fjölskylduráðgjafa eða vegna ADHD greiningar hjá sálfræðingi. Ekki er greitt vegna viðtala hjá geðlækni. Skilyrði er að greitt hafi verið í sjóðinn samfelld í a.m.k. 6 síðustu mánuði.

Göngugreining. Styrkur allt að 10.000 kr. á hverjum 12 mánuðum. Endurgreiðsla er að hámarki 50% af reikningi. Styrkinn er einnig heimilt að nýta til innleggjakaupa. Skilyrði er að greitt hafi verið í sjóðinn samfelld í a.m.k. 6 síðustu mánuði.

Dagpeningar skv. 12.1, 12.2, 12.3. Hámarksupphæð 780.000 kr. að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum úr slysatryggingu eða annarri lögbundinni tryggingu. Þegar sótt er um dagpeninga þarf að skila umsókn, íslensku sjúkradagpeningavottorði, staðfestingu vinnuveitanda og 2 síðustu launaseðlum.

Félagsmenn sem áunnið hafa sér réttindi til styrkja úr sjúkrasjóði skv. gr. 12.10 þegar nám hefst viðhalda réttindum sínum með atvinnuþátttöku samhliða námi. Horft er til þess að greidd séu iðgjöld í 6 mánuði á hverjum 12 mánuðum, um getur verið að ræða sumarstörf eða árstíðarbundin störf.

Samþykkt af stjórn sjúkrasjóðs **09.06.2026**

Grein 12.1

Dagpeningar í veikinda- og slysaforföllum í 120 daga (4 mánuði), að loknum greiðslum skv. veikinda- og slysaréttarákvæðum kjarasamninga. Dagpeningar skulu að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum, þó aldrei lægri fjárhæð en kr.304.000 miðað við fullt starf en ella hlutfallslega. Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða hluta dagpeninga ef sjóðfélagi getur ekki vegna sjúkdóms eða slyss stundað fulla vinnu, þó ekki lengur en í 120 daga.

Grein 12.2

Dagpeninga í 90 daga (3 mánuði), að loknum kjarasamningsbundnum greiðslum launagreiðanda vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum, þó aldrei lægri fjárhæð en kr. 304.000 miðað við fullt starf en ella hlutfallslega. Með langveikum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlegan og/eða langvinnan sjúkdóm og þarfnast sérstakrar umönnunar. Með



Sjúkrasjóður Verkalýðsfélags Akraness

alvarlega fötluðum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlega greindarskerðingu, geðraskanir eða alvarlega líkamlega hömlun og þarfnast sérstakrar umönnunar.

Grein 12.3

Dagpeninga í 90 daga (3 mánuði) vegna mjög alvarlegra veikinda maka sem leiða til þess að sjóðsfélagi þarf tímabundið að leggja niður starf. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum þó aldrei lægri fjárhæð en kr. 304000 miðað við fullt starf en ella hlutfallslega.

Grein 12.4

Eingreiddar dánarbætur við andlát sjóðfélaga sem er virkur og greiðandi við andlát nemi 450.000.- krónum m.v. starfshlutfall hans síðasta árið fyrir andlát. Fyrir sjóðfélaga sem látið hafa af störfum vegna aldurs eða örorku og eru ekki greiðendur við andlát er upphæð dánarbóta 50% næstu 24 mánuði eftir starfslok. Eftir það skerðast bæturnar um 10% á ári þar til 12 ár eru liðin frá starfslokum. Eftir þann tíma verður upphæð dánarbóta ekki skert frekar. Réttthafar bóta eru maki sjóðfélaga og að honum frágengnum börn hans. Bætur renni til dánarbús, sé ekki um eftirlifandi maka eða börn að ræða. Bótafjárhæð miðast við vísitölu neysliverðs pr. 01.01.2017 og tekur sömu breytingum og hún.

Grein 12.5

Við alvarleg veikindi eða slys sem sjóðstjórn metur til fjárhagslegs eða atvinnulegs tjóns fyrir heimili sjóðfélaga er sjóðstjórn heimilt að loknum hugsanlegum greiðslum samkvæmt grein 12.1, 12.2. og 12.3. að veita viðkomandi heimili sérstakan styrk. Slíkur styrkur til sama heimilis getur þó aldrei numið hærri upphæð en sem nemur sjúkradagpeningum í 90 daga reiknuðum í samræmi við ákvæði í grein 12.1.

Grein 12.6

Sjóðstjórn er heimilt að greiða einstæðum foreldrum dagpeninga samkvæmt grein 12.1. vegna veikinda barns í allt að 10 daga á 12 mánaða tímabili eftir að greiðslutímabili atvinnurekenda lýkur.